



# VET-READY

**WP3 A2 Efni fyrir próf kennara**

**Fjölvalspróf sem metur hæfni**

**EINING 1: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ HEIMILA  
VIÐ HAMFÖRUM**

**ÞJÁLFUNARLOTA 5: Að skilja sálræn viðbrögð fólks  
við hamförum á heimilum**

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by  
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspegla ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.

Spurning	Valmöguleikar (merkið rétt svar með x)	
1. Við heimilisbruna tekur foreldri eftir því að barn fyllist skelfingu. Hvaða nálgun styður best við andlega líðan barnsins?	a. Að öskra á barnið svo það hreyfi sig hraðar	
	b. Að veita barninu rólega leiðsögn, róa það niður og leggja áherslu á öryggi	x
	c. Að skilja barnið eftir svo foreldrið geti tekist á við aðstæðurnar sjálft	
	d. Að hvetja barnið til að leysa vandann eitt	
2. Heimili verður fyrir skyndilegu vatns- og rafmagnsleysi. Hvaða samsetning aðgerða styður best við andlega seiglu?	a. Að fyllast skelfingu, yfirgefa heimilið og kenna öðrum um	
	b. Að viðhalda daglegum venjum, eiga samskipti við fjölskyldu og einbeita sér að framkvæmanlegum verkefnum	x
	c. Að hunsa aðstæðurnar þar til þær leysast að sjálfu sér	
	d. Að einblína eingöngu á uppfærslur á samfélagsmiðlum	
3. Hvaða fullyrðing skýrir best hvers vegna matareitrun getur haft áhrif á geðheilsu heimilismanna?	a. Aðeins líkamleg veikindi koma fram, andleg áhrif eru lítil	
	b. Þættir eins og kvíði, sektarkennd og ofurnæmi aukast, sérstaklega hjá umönnunaraðilum barna eða aldraðra	x
	c. Hún veldur leiðindum og óróleika	
	d. Hún hefur aðeins áhrif á þá sem borða matinn	
4. Grunur leikur á gasleka á heimili. Af hverju er tilfinningastjórn mikilvæg?	a. Tilfinningastjórn skiptir engu máli; aðeins líkamlegar aðgerðir skipta máli	
	b. Skelfing getur skert dómgreind og aukið hættu á sprengingu eða meiðslum	x
	c. Að halda ró hefur engin áhrif á öryggi	



	d. Hún gerir þátttakendum kleift að greina efnasamsetningu	
5. Hvert af eftirfarandi er dæmi um að takast á við óvissu í hamförum á heimili?	a. Að biðja eftir að einhver annar taki ákvörðun án þess að gera neitt	
	b. Að meta áhættu, gera varaáætlanir og veita heimilismeðlimum tilfinningalegan stuðning	x
	c. Að hunsa aðstæðurnar þar til yfirvöld koma	
	d. Að einblína eingöngu á heimilisstörf	
6. Í heimsfaraldri veikist fjölskyldumeðlimur á heimili. Hvaða aðgerð sýnir viðhald jákvæðs viðhorfs (T3.3)?	a. Að einblína á ótta og ímynda sér verstu mögulegu niðurstöður	
	b. Að veita tilfinningalegan stuðning, stjórna kvíða og fylgja öryggisreglum	x
	c. Að forðast veikan einstakling algjörlega án samskipta	
	d. Að fyllast skelfingu og hringja óþarflega oft í neyðarlínuna	
7. Af hverju eru smávægileg efnaslys á heimilum andlega krefjandi?	a. Þau valda alltaf líkamlegum meiðslum	
	b. Ótti við mengun, áhyggjur af börnum eða gæludýrum og streita vegna réttra viðbragða eykur kvíða	x
	c. Þau leiða yfirleitt til leiðinda	
	d. Auðvelt er að hunsa smávægileg efnaslys og því eru engin áhrif vegna þeirra	
8. Hvaða aðferð sýnir ígrundaða ákvarðanatöku í hamförum á heimilum?	a. Að bregðast strax við án þess að meta áhættu	
	b. Að íhuga mögulegar hættur, tilfinningaleg áhrif og öruggar aðgerðir áður en brugðist er við	x
	c. Að fela einum heimilismeðlim allar ákvarðanir án þess að taka umræðu um hlutverk	
	d. Að forðast alla ákvarðanatöku þar til hjálp berst	



9. Þegar nemendum er gert að staldra við og velta fyrir sér - hvaða hugræna færni er fyrst og fremst verið að þjálfra?	a. Að leggja neyðarnúmer á minnið	
	b. Gagnrýna hugsun og tilfinningastjórn þegar óvissa ríkir	x
	c. Líkamlega samhæfingu undir álagi	
	d. Að hrinda af stað framkvæmdum verkefna	
10. Hvaða leið er áhrifarík til að tryggja að nemendur af erlendum uppruna upplifi sig meðtaldna í umræðum um hamfarir á heimili?	a. Að bjóða upp á lykilhugtök og leiðbeiningar á fleiri en einu tungumáli og hvetja jafningja til að útskýra	x
	b. Að nota eingöngu tæknileg hugtök á einu tungumáli	
	c. Að forðast hópumræður til að spara tíma	
	d. Að treysta á að nemendur þýði efnið sjálfir	





# VET-READY

**Yourwebsitename.eu**

Fylgið okkur



Co-funded by  
the European Union